

Ed.

918. Frumvarp

til laga um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á meðan Norðurálfríðurinn stendur er landsstjórninni heimilt að veita sýslufjelögum, bæjarfjelögum og hreppsfjelögum lán, til þess að afstýra verulegri neyð, að dómi sveitarstjórna, af dýrtíð og matvæðaskorti.

Lánin standi vaxta- og afborganalaus, þar til 2 ár eru liðin frá ófríðarlokum, en endurgreiðast á næstu 13 árum frá þeim tíma, með 10% árlegri greiðslu af hinni upprunalegu lánsupphæð.

Landsstjórnin setur nánari ákvæði um lán þessi, úthlutun þeirra og notkun. Skal leitast við að verja þeim meir til atvinnubóta en hallærisstyrks beinlínis.

2. gr.

Ef nauðsyn krefur, skal landsstjórninni heimilt að veita lán, samkv. 1. gr., í vörum, með sömu kjörum sem þar segir.

3. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja bæjarstjórnnum og sýslunefndum 2800 smálestir af kolum á 125 kr. lestina á staðnum, þar sem kolunum er skipað á land í sýslunni eða kaupstaðnum. Skiftist kolaforði þessi niður á sýslu- og bæjarfjelög þannig, að hvert þeirra fái við þessu verði sem næst þriðja hluta af kolaforða þeim, er talinn verður nægja þeim næsta vetur til heimilisnotkunar. Verðmunurinn greiðist úr landssjóði.

Sýslu- og bæjarfjelög selja kol þessi aftur, án hagnaðar, þeim er helst þurfa hjálpar með, og má vera mismunandi verð á þeim eftir ástæðum kaupanda.

4. gr.

Enn fremur er landsstjórninni heimilt, á meðan Norðurálfríðurinn stendur, að verja fje úr landssjóði til atvinnubóta, svo sem til þess að undirbúa stórhýsi, er sýnilega þarf að reisa innan skamms, hafnargerðir, vita, brýr og vegi, og til að reka matjurtarækt í stærri stíl, námugróft eða önnur nauðsynjafyrirtæki.

5. gr.

Nú veita hreppsfjelög eða kaupstaðir einstökum mönnum lán, þeim til framfæris, eftir 15. sept. 1917 og þar til 3 mánuðum eftir ófríðarlok, og skulu þau lán eigi talinn sveitarstyrkur.

Lög þessi raska eigi gildandi ákvæðum laga um skifti hreppa á meðal um endurgreiðslu framlaga, er maður fær af dvalarsveit sinni.

6. gr.

Til framkvæmda þessum lögum heimilast landsstjórninni lántaka, svo sem þörf krefur.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.